

Alþingi
Erindi nr. P 141/314
komudagur 2.11.2012



ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Bt. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 1. nóvember 2012

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, með síðari breytingum.

Íslandsstofa hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og vill koma á framfæri eftirfarandi.

Umsögnin snýr alfarið að annarri grein frumvarpsins sem löngu er tímabært að endurskoða. Íslandsstofa fagnar þessum tillögum og telur að þær geti verið góð viðbót við það starf sem þegar er unnið við markaðssetningu íslenskra vara og þjónustu. Með þeim tillögum sem í frumvarpinu koma fram væri sérstaða íslenskra vara betur auðkennd og auðveldara ætti að vera að koma þeim á framfæri.

Íslandsstofa mynd gjarna leggja til aðstoð við setningu reglugerðar þeirrar sem greinin leggur til að sett verð.

Núgildandi reglur hafa sýnt sig að vera ekki í samræmi við þarfir íslenskra fyrirtækja og hefur Íslandsstofa þurft að beita sér m.a. nýverið til að fá notkun fánans heimilaða á erlend samstarfsverkefni.

Íslandsstofa lýsir sig því samþykka frumvarpinu og hvetur til jákvæðrar afgreiðslu þess.

Virðingarfyllst

Jón Ásbergsson
framkvæmdastjóri.